



Skjal nr.	Mótt af.	Mótt dags.
15.5	EDS	- 8. JUNI 2017
Ábm.	Úrv. aðili	Málsnr. One
Ema	EDS	1706033

Til sveitarfélaga, héraðsskjalasafna og Sambands íslenskra sveitarfélaga

Reykjavík 8. maí 2017
Tilv. 1704031/1.1

Efni: Drög að reglugerð um rekstur héraðsskjalasafns til umsagnar

Að ósk mennta- og menningarmálaráðuneytisins stendur Þjóðskjalasafn Íslands fyrir sjálfstæðu kynningar- og umsagnarferli um drög að reglugerð um rekstur héraðsskjalasafns. Aðdragandi málsins er að mennta- og menningarmálaráðuneytið óskaði eftir því að Þjóðskjalasafn Íslands gerði tillögu að reglugerð um rekstur héraðsskjalasafns. Þjóðskjalasafn er að lögum framkvæmdaaðili opinberrar skjalavörsu og skjalastjórnar. Þá hefur safnið það hlutverk að koma að veitingu leyfa fyrir rekstri héraðsskjalasafns og hefur eftirlit með rekstri þeirra. Samkvæmt 3. mgr. 11. gr. laga nr. 77/2014 er það ráðherra sem setur reglugerð um leyfi til rekstur héraðsskjalasafns. Tillögu að reglugerð sendi Þjóðskjalasafn til ráðuneytisins í febrúar 2016 og nú liggja fyrir drög að reglugerð.

Mánudaginn 15. maí nk. heldur Þjóðskjalasafn Íslands í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið fund til þess að kynna drög reglugerðarinnar. Sveitarfélögum, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og héraðsskjalasöfnum er hér með boðið að senda fulltrúa á fundinn. Fundurinn verður einnig sendur yfir vefinn og hægt að fylgjast með honum þar. Fundurinn verður haldinn í fyrirlestrarsal Þjóðskjalasafns Íslands að Laugavegi 162 og stendur frá kl. 10-12. Þeir sem ætla að sækja fundinn eru beðnir um að skrá sig á meðfylgjandi vefsíðó: http://skjalasafn.is/reglugerd_um_heradsskjalasofn_kynningarfundur.

Drög að reglugerð um rekstur héraðsskjalasafns fylgja með í viðhengi ásamt greinargerð. Frestur til að skila inn umsögn við reglugerðina er til og með 16. júní 2017. Umsagnir og fyrirspurnir skal senda á netfangið skjalavarsla@skjalasafn.is. Þjóðskjalasafn metur umsagnir og sendir í kjölfarið reglugerðardrögum til mennta- og menningarmálaráðuneytis til meðferðar.

Virðingarfyllst,

Eiríkur G. Guðmundsson
þjóðskjalavörður